

## Stjórn Strætó bs.

Ár 2015, föstudaginn 2. október, var haldinn 226. fundur í stjórn Strætó bs. í Þönglabakka 4 og hófst hann kl. 11:00. Mætt voru: Bryndís Haraldsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Einar Birkir Einarsson, Kristín Soffía Jónsdóttir, Theódóra S. Þorsteinsdóttir og Bjarni Torfi Álfþórsson. Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Áætlun 2016-2020
2. Akstursútboð
3. Innri endurskoðun
4. Erindi til Strætó

### Tekið fyrir:

1. Áætlun 2016-2020  
Umræður um fjárhagsáætlun 2016–2020, áframhaldandi umræða verður um fjárhagsáætlun á næsta stjórnarfund.
2. Akstursútboð  
Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðunni og áhrifum þess að til stendur að setja vsk á aðkeyptan akstur. Kostnaður Strætó við aðkeyptan akstur mun hækka gangi það eftir.
3. Innri endurskoðun  
Stjórnarformaður gerði grein fyrir fundi með endurskoðunarnefnd um fyrirkomulag innri endurskoðunar Strætó. Samþykkt að boða endurskoðunarnefnd á næsta stjórnarfund.
4. Erindi til Strætó  
Fyrir lá erindi frá Reykjavíkurborg varðandi svonefndan U-reit í Reykjavík. Umsögn skipulagsdeildar Strætó um erindið var lögð fram.

Fleira var ekki tekið fyrir.

### Fundi slitið kl. 13:10

Fylgiskjöl:

- Umsögn skipulagsdeildar Strætó um U-reit í Reykjavík

Bryndís Haraldsdóttir  
Theódóra S. Þorsteinsdóttir  
Bjarni Torfi Álfþórsson

Kristín Soffía Jónsdóttir  
Gunnar Valur Gíslason  
Einar Birkir Einarsson